

Námsáætlun fyrir íslensku - 9. bekkur
Skólaárið 2018 – 2019



Kennari: Björn Vilhelmsson
Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, • tekið virkan þátt í samvinnu og samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær, • notað upplýsingar úr ýmsum miðlum sér til fróðleiks og skemmtunar, • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. 	<p>Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín.</p> <p>Nemendur fá þjálfun í hlustun og einnig er horft á kvikmyndir tengdar bókmenntum sem lesnar verða.</p> <p>Nemendur lesa reglulega upphátt fyrir kennara.</p>	<p>Þátttaka í umræðum og tímavinnu. Stutt ræða.</p>
<p>Lestur og bókmenntir</p>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, sér til gagns og gamans, • greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lestur, • lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta, 	<p>Lesin verður skáldsagan Gauragangur, íslendingasagan Gunnlaugs saga ormstungu og aðrir fjölbreyttir textar.</p> <p>Unnið verður með bókmenntahugtök og stílbrögð. Lesskilningur efldur með markvissum æfingum.</p>	<p>Verkefni og kannanir úr Gunnlaugs sögu, Gauragangi og öðru lesefni. Lesskilningskannanir. Lesfimiþróf.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • beitt og skilið nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði. 		
Ritun	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað skýrt og greinilega, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, • beitt reglum um réttiritun • valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu 	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær. Ritunaræfingar af ýmsum toga.</p>	<p>Ritunarverkefni. Stafsetningarkannanir. Tímaritgerð. Ritunarverkefni skrifað í tölvu.</p>
Málfræði	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt helstu málfræðihugtökum, • valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun, • flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, 	<p>Einkenni og hlutverk orðflokka. Unnið með orðtök og málshætti.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka, • notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt, • gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. • áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál og sífelldan breytileika þeirra. 		
<p>Námsgögn: Gunnlaugssaga ormstungu, Gauragangur, Finnur II, Málvísir, Málið í mark – Óbeygjanleg orð, Tungufoss, Kveikjur, kjörbækur, orðabækur og handbækur.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.</p>			